



# LIÐTU ÞU R EKKI TUN- GU VEFJAST UM TÖNN ESSU SPILI!

Höfundur: Jaques Zeimet  
 Hönnun: Johann Rüttinger,  
 Lena Kappler  
 Myndskreyting: Rolf Vogt  
 Ritstjóri: Kathi Kappler  
 Copyright: DREI MAGIER SPIELE  
 by Schmidt Spiele GmbH

**Leikmenn:** 2–6  
**Aldur:** 6 ára og eldri  
**Leiktími:** 10–20 mínútur

## Innihald

- 112 grænmetisspjöld (blómkál, kálhaus, paprika og tómatur)
- 8 forboðin grænmetisspjöld (með kalalökkum, tvö af hverju grænmeti)
- Leikreglur

### Grænmetisspjöld:



### Forboðin grænmetisspjöld:



## Hugmynd og markmið spilsins

Leikmenn reyna að búa til litríkt salat á eins stuttum tíma og mögulegt er með því að leggja niður grænmetisþjöld til skiptis. Um leið og spjöldin eru lögð niður verður að segja „rétt“ nafn á grænmetinu. En gætið ykkar, aðeins sá leikmaður sem getur fljótt og örugglega skipt á milli sannmælisins og (neyðar-) lyginnar vinnur! Sannkölluð orðagildra!

## Undirbúningur

Öll 128 spjöldin eru stokkuð vel og þeim skipt jafnt á milli leikmanna. Afgangsspjöld eru lögð til hliðar. Leikmenn setja spjöldin á hvolf í bunka fyrir framan sig og eru svo tilbúnir í leikinn!

## Spilið sjálft

Yngsti leikmaðurinn byrjar. Leiftursnöggt snýr hann við efsta spjaldinu í bunkanum sínum og leggur það í bunka á borðið. Á sama tíma segir hann upphátt og án þess að hika hvaða grænmeti er á spjaldinu:

**Blómkál, kálhaus, paprika eða tómatur.**

Spilið heldur svo áfram réttisælis. Í hverri umferð snýr leikmaður efsta spjaldinu sínu við, setur það í bunkann á borðinu og segir upphátt „grænmetistegundina“ með eftirfarandi reglum:

## 1. Leikmaður verður **alltaf að segja sannleikann!**

### Undantekningar:

- Ef **grænmetið á spjaldinu hans** er það sama og **grænmetið sem síðast kom upp** þá verður hann að **ljúga!**
  - Ef **grænmetið á spjaldinu hans** er það sama og **fullyrðingin sem síðasti leikmaður sagði**, þá verður hann einnig að **ljúga!**
2. Ef leikmaður spilar út **forboðnu grænmetisspjaldi**, þá verður hann að hrópa „**kakkalakki!**“!
  3. Ef **grænmetið á spjaldinu hans** er það sama og eitthvað **forboðið grænmetisspjald** sem er í borðinu, **þá verður hann að ljúga!**

## Forboðnu grænmetisspjöldin (FGS)

Á meðal spjaldanna eru forboðin grænmetisspjöld (tvö af hverri tegund) og á þeim sést glitta í **feitun kakkalakka**.

Ef leikmaður spilar út FGS verður hann **alltaf** að hrópa „**kakkalakki!**“! **Við þetta verður viðkomandi grænmetistegund forboðin og það má ekki nefna hana á nafn á meðan spjaldið er sýnilegt.**

Fyrsti bunkinn er nú settur tímabundið til hliðar. Næstu spjöld eru sett í nýjan bunka við hliðina á fyrri bunkanum þangað til næsta

FGS kemur upp. Þá kallar viðkomandi leikmaður „**kakkalakki**“ og næsti leikmaður skiptir aftur yfir í fyrri bunkann o.s.frv.

Núna má ekki nefna nafnið á **nýja** forboðna grænmetinu.

**Athugið:** Þegar skipt er á milli bunka eru alltaf tvö FGS sýnileg og þar af leiðandi eru báðar grænmetistegundirnar forboðnar!

### **Mistök:**

Öll röng orð, öll ahhhh, öll ohhhhhh, allt hik sem tekur meira en 3 sekúndur teljast vera mistök! Ef leikmaður gerir mistök, verður hann að taka upp öll spjöldin sem hafa verið lögð út og byrjar svo á nýrri umferð.

## **Leikslok og sigurvegari**

Sá leikmaður sem er fyrstur til að losa sig við bunkann sinn vinnur!

### **Dæmi:**

1. Sabína leggur niður **kálhaus** og segir „**kálhaus**“!
2. Pabbi leggur niður **forboðið** paprikuspjald og hrópar „**kakkalakki**“!
3. Tómas skiptir um bunka, leggur niður **tómat** og kallar „**tómat**“!
4. Konráð leggur líka niður **tómat** og segir „**blómkál**“! (Vegna þess að það er forboðið paprikuspjald í borðinu og Tómas lagði niður tómat á undan Konráði, hann hefði líka mátt segja kálhaus).

5. Sabína leggur líka niður tómat og segir „**kálhaus**“! (Vegna þess að það má ekki segja paprika, Konráð sagði blómkál og síðasta spjaldið sem var lagt niður var tómatur).
6. Pabbi leggur niður forboðið blómkálsspjald og hrópar „**kakkalakki**“!
7. Tómas skiptir yfir í hinn bunkann, leggur niður **papriku** og segir „**kálhaus**“! (Vegna þess að blómkál og paprika eru bæði forboðin í þessari umferð og því má ekki segja nöfnin á þeim. Það hefði líka mátt segja tómatur).
8. Konráð leggur niður **blómkál** og segir „**tómatur**“! (Blómkál er FGS, kálhaus var síðasta grænmetið sem einhver sagði og paprika var síðasta spjaldið sem var lagt niður. Eini möguleikinn er að segja tómatur).
9. Sabína leggur niður **papriku** og segir „**kálhaus**“! Það eru mistök og hún þarf að taka upp öll spjöldin úr báðum bunkunum! (Sabína þarf að segja sannleikann því að papriku FGS er ekki lengur sýnilegt í borðinu og var hvorki spilað né nefnt í síðustu umferð).

## Tilbrigði fyrir yngri krakka

Spilið eins og lýst er að framan,  
án forboðnu grænmetisspjaldanna!

**Njótið „Kakkalakkasalatsins“!**



blomkål  
blomkål  
blómkål  
blomkål



paprika  
paprika  
peberfrugt  
papriku



tomat  
tomat  
tomat  
tómat



salat  
sallad  
salat  
kálhaus



Tabu  
grønnsakskort  
Förbjudengrönsak-  
kort  
Tabukort  
Forboðin  
grænmetisþjöld